

Ed.

498. Breytingartillögur

[13. mál]

við frv. til l. um framlenging á gildi III. kafla l. nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Frá Gísla Jónssyni.

Við 2. gr. Aftan við 1. másl. komi nýr málsliður, er orðist svo:

Af hálfunnum iðnaðarvörum, sem seldar eru öðrum framleiðendum eða fluttar eru á milli deilda í sama fyrirtæki til frekari vinnslu, skal greiða söluskatt, er nemur 2% af bókfærðu andvirði varanna.

Til vara:

Af hálfunnum iðnaðarvörum, sem seldar eru öðrum framleiðendum eða fluttar eru á milli deilda í sama fyrirtæki til frekari vinnslu, skal greiða söluskatt, er reiknaður sé af bókfærðu andvirði varanna.